



Pósthólf 135
602 Akureyri
Sími 461 2266
Fax 461 2263
klakkur@klakkur.is
www.klakkur.is

Ársskýrsla 2006



1. Ávarp félagsforingja

Skátalíf er útilíf stendur einhverstaðar ritað. Allt frá því að Baden Powell fór með hóp drengja í útilugu á Brownsea eyju fyrir 100 árum síðan hefur eitt að einkennum skátastarfs verið að virkja krakka til útiveru. Í gegn um tíðina hafa áherslur kannski lítið eitt breyst en á bak við hvílir alltaf þessi grunnur sem stofnandi hreyfingarinnar lagði strax í upphafi. Útilegur, gönguferðir, ratleikir, póstaleikir og skátamót er eitthvað sem alltaf kemur upp í hugann þegar maður hugsar um útilífið í skátastarfinu. Nú í seinni tíð er það að vera æ algengara að hinir ýmsu hópar og einstaklingar hafa tekið upp flesta þessa síði og er það vel. Í stefnumörkun frá árinu 2005 var ein megin niðurstaðan sú að leggja þyrfti aukna áherslu á einmitt þennan grunnþátt skátastarfsins þ.e. útilífið. Því hefur stjórn skátafélagsins gengist fyrir því að auka til muna útiveru skátanna í öllum tilfellum þegar þeir koma saman. Stór hluti venjulegара skátafunda fer því fram utandyra og er það breyting frá því sem flestir þekkja í skátastarfinu. Þessi breyting fellur vel í kramið hjá unga fólkinu og hefur haft mjög jákvæð áhrif á starfið. Það er von stjórnarinnar að þetta skili sér með auknum áhuga á náttúru landsins og þeim möguleikum sem umhverfi okkar býður upp á. Í dag fer mest öll starfsemi félagsins fram að Hömrum sem gefur gott tækifæri á skemmtilegu starfi í heillandi umhverfi. Þó stór hluti starfsins fari fram utan dyra er stærsta verkefni sem liggur fyrir stjórn skátafélagsins að byggja upp félagsaðstöðu fyrir skátafélagið að Hömrum. Félagið hefur sett sér þá stefnu að flytja alla starfsemina upp að Hömrum sem allra fyrst. Félagið hefur sent bæjaryfirvöldum erindi þess efnis að það óski eftir að fá að selja Hvamm og Akureyrarbær byggi upp framtíarfélagsaðstöð fyrir skáta að Hömrum. Fyrri hluta árs hafði félagið engan starfsmann sem sinni félagsstarfinu, auk þess sem undirritaður hafði af persónulegum ástæðum ekki tök á að sinna starfinu sem skildi. Á haustmánuðum ákvað stjórnin að blása til sóknar, fjölga í félaginu, hækka árgjöld og reyna að fá aukna styrki. Ráðin var starfsmaður til að hafa opna skrifstofuna á fundartímum og samið var við foringjana um umbunarkerfi þeim til handa. Þessar breytingar ásamt því tilraunastarfi sem félagið er að vinna með BÍS hefur mælst vel fyrir og töluverð fjölgun hefur orðið í félaginu á síðasta ári. Að lokum vil ég þakka meðstjórnendum mínum foringjum og starfsmönnum fyrir vel unnin störf á árinu og hlakka til áframhaldandi samstarfs við uppbyggingu öflugrар æskulýðsstarfs á Akureyri.

„Sé efast um sigur er orrystan töpuð“.

Ásgeir Hreiðarsson, félagsforingi.

2. Stjórn og kosnir embættismenn

1.1. Stjórn

Fram að aðalfundi 2006 (haldinn 1. október 2006) störfuðu eftirtaldir í stjórn: Ásgeir Hreiðarsson félagsforingi, Anna Eyfjörð Eiríksdóttir aðstoðarfélagsforingi, Helga Halldórsdóttir ritari, Gunnlaugur Búi Ólafsson eignarvörður og Kári Erlingsson gjaldkeri.

Á síðasta aðalfundi voru kosnir í stjórn: Ásgeir Hreiðarsson félagsforingi, Kári Erlingsson og Steinunn Ásta Þórarinsdóttir meðstjórnendur til tveggja ára. Helga Halldórsdóttir sem átti ár eftir af stjórnarsetu sinni óskaði eftir því að losna og var Anna Eyfjörð Eiríksdóttir kjörin í hennar stað.

Eftir aðalfund skipti stjórn með sér embættum: Anna Eyfjörð aðstoðarfélagsforingi, Steinunn Ásta Þórarinsdóttir ritari, Gunnlaugur Búi Ólafsson eignarvörður og Kári Erlingsson gjaldkeri. Stjórnin hélt 10 bókaða fundi á árinu.

1.2. Foringjaráð

Foringjaráð er skipað öllum foringjum félagsins, nema flokksforingjum, hverju sinni ásamt stjórn og embættismönnum.

Foringjaráð hélt a.m.k. 6 foringjaráðsfundi á árinu + spjallfundi.

1.3. Uppstillingarnefnd

Fram að aðalfundi störfuðu Ólafur Kjartansson, Friðjón Halldórsson og Margrét Th. Aðalgeirsdóttir í uppstillingarnefnd en síðan var á fundinum kosnir ný uppstillingarnefnd.

Í henni sitja Helga Halldórsdóttir, Kjartan Ólafsson og Margrét Th. Aðalgeirsdóttir.

1.4. Endurskoðun

Á aðalfundi 2006 voru Valtýr Hreiðarsson og Ólafur Búi Gunnlaugsson kosnir skoðunarmenn ársreikninga félagsins.

3. Aðrir embættismenn

2.1. Skálaverðir

FÁLKAFELL	Sigurgeir Haraldsson
GAMLI	Sigurður Sæmundsson og Theodór Gunnarsson
VALHÖLL	Kristín Dúadóttir
HAMRAR	Hamranefnd

2.2. Húsnefnd Hvamms

Húsnefndin var óvirk á árinu.

2.3 Stjórn SSN

Félagsforingi hefur starfað með stjórn SSN að þeim verkefnum sem Sambandið hefur staðið fyrir á árinu. Ljóst er að leggja þarf aukna áherslu á samstarf SSN á komandi árum til að styrkja skátastarf á Norðurlandi.

2.4 Stjórn Hamra

Tryggvi Marinósson, Þorsteinn Pétursson og Kristín Bergþóra Jónsdóttir.

Tryggvi var kosinn í stjórnina á aðalfundi Klakks haldin 2006 til þriggja ára, Kristín var kosin til þriggja ára á aðalfundi Klakks haldinn 2005, Þorsteinn Pétursson var kosinn til þriggja ára á aðalfundi Klakks 2004.

2.5 Lagabreytingarnefnd

Á aðalfundi félagsins 2006 var ákveðið að setja af stað nefnd til að endurskoða lög félagsins í takt við þær breytingar sem gerðar hafa verið á starfseminni. Stjórn fól Tryggva Marinóssyni að vinna upp tillögur fyrir næsta aðalfund.

2.6 Afmælisnefnd

Á aðalfundi félagsins 2006 var ákveðið að setja af stað afmælisnefnd í tilefni af aldarafmæli skátastarfs í heiminum, 90 ára afmæli skátastarfs á Akureyri og 20 ára afmælis Skátafélagsins Klakks. Stjórn leitaði til Kjartans Ólafssonar og tók hann að sér að vera í nefndinni og fá Edward H. Huijbens til liðs við sig.

2.7 Saminganefnd við Akureyrarbæ

Í kjölfar breyttra áherslna og í takt við nýja stefnu félagsins í húsnæðismálum hafa Ásgeir Hreiðarsson og Baldur Dýrfjörð fundað með bæjaryfirvöldum um möguleika

á að byggja nýtt skátaheimili að Hömrum. Á aðalfundi 2006 var stjórn veitt heimild til að leita leyfis hjá Akureyrarbæ fyrir sölu á Hvammi (Hafnarstræti 49) og óska eftir því við bæinn að samið verði um uppbyggingu nýs skátaheimilis að Hömrum. Engin niðurstaða fékkst á árinu frá Akureyrarbæ.

2.8 Sveitarforingjar á Alheimsmót

Stjórn félagsins ákvað að fá reynda foringja til að leiða þann hóp úr félaginu sem ætlar á Alheimsmót skáta á Bretlandi næsta sumar. Þær Anna Sigrún Rafnsdóttir og Steinunn Ásta Þórarinsdóttir tóku þetta að sér. Finnboji Jónasson, félagi í Klakki, sem starfaði á árinu í Reykjavík er einnig að fara sem sveitarforingi.

2.9 Stjórn BÍS

Á aðalfundi BÍS 2006 var Þorsteinn Gunnarsson úr Klakki kjörin formaður Útbreiðsluráðs BÍS.

4. Launaðir starfsmenn

3.1. Rekstrarstjóri

Sigríður Hjartardóttir var í hlutastöðu allt árið.

3.2. Aðrir starfsmenn

Árbjört Bjarkadóttir var ráðin til tímabundinna verkefna í apríl og maí. Aðalverkefni hennar var að hafa umsjón með skátaskeytasölvunni og annast undirbúning og framkvæmd sumardagsins fyrsta. Starfsmenn Hamra sáu um starfsemi félagsins yfir sumartímann. Helgi Valur Harðarson hefur verið í hlutastöðu sem starfsmaður á skrifstofu frá hausti 2006.

3.3. Húsvörður í Hvammi

Í upphafi árs var enginn húsvörður í Hvammi og stóð íbúðin því auð. Í febrúar til júní var íbúðin leigð Gleráarkirkju sem aðstaða fyrir þýska sjálfboðaliða sem þar voru. Theodór Gunnarsson hefur sinnt húsvörslu í Hvammi síðan í október 2006. Leiga fyrir afnot af íbúðinni reiknast sem greiðsla fyrir ræstingu og húsvörslu.

5. Félagsstarfið

4.1. Starfsemi félagsins

Mest öll starfsemi félagsins fór fram að Hömrum á þessu ári. Unnið var eftir tillögum stefnumörkunarnefndarinnar varðandi áherslur í starfinu. Ný aldursskipting var tekin upp til reynslu haustið 2005. Þar sem félagið hafði ekki starfsmann fyrri hluta ársins og sökum anna hjá stjórnarmeðlimum, var lítið um sameiginlega dagskrárliði á þeim hluta ársins. Skátasveitirnar héldu sinni starfsemi ótrauðar áfram. Um sumarið sá starfsólk Hamra meira og minna um starfsemina og var það annað sumarið sem það fyrirkomulag var reynt. Segja má að það sé nýmæli að boðið sé upp á reglubundna fundi yfir sumartímann. Þetta fyrirkomulag reyndist ágætlega en betri þátttaka mætti þó vera í dagskránni sem í boði er. Haustið 2006 hóf félagið þátttöku í forprófun á nýrri skátadagskrá. Í henni felst meðal annars ný skipting í aldurshópa, endurskoðuð verkefni, skátaheiti og lög eftir aldurshópum. Með vel kynntum upphafsdegi, sérstökum ferðum í skóla til kynningar og fleiru tókst að fjölga nokkuð í félaginu þetta haustið. Sveitirnar funda einu sinni í viku í eina og hálf klukkustund hvert sinn. Að auki bauðst skátunum að koma einu sinni í viku í svokallaða Smiðju. Aðsóknin í Smiðjuna var ekki mikil og var því ákveðið að breyta sniðinu eftir áramót.

Foringjar í árslok voru:

Rakel Ýr Sigurðardóttir	Drekaskátar
Valdís Ösp Jónsdóttir	Drekaskátar
Auður Filippusdóttir	Drekaskátar
Guðrún Sigfúsdóttir	Drekaskátar
Heiðrún Eiríksdóttir	Drekaskátar
Ingibjörg Sigurgeirsdóttir	Fálkaskátar
Sigrún Vala Halldórsdóttir	Fálkaskátar
Arnór Bliki Hallmundss.	Fálkaskátar
Arnar Úlfarsson	Fálkaskátar
Brynjar Ingi Hannesson	Fálkaskátar
Árni Már Árnason	Fálkaskátar
Helgi Valur Harðarson	Dróttkátar
	og Rekka- og Róverskátar

Nokkrar mannabreytingar urðu í foringjastöðum á árinu og þeir sem létu af störfum voru:



Árbjört Bjarkadóttir, Fjölur Ásgeirsson, Magnús Vilhelm Björnsson, Ingi Steinn Gunnarsson, Kolfinna Snæbjarnardóttir, Nanna Christensen og Marta Róbertsdóttir. Skátafélagið þakkar þeim fyrir vel unnin störf.

Frá september var tekin upp sú stefna hjá félaginu að umbuna foringjum félagsins vel unnin störf. Þetta er gert í formi styrkja til náms. Einnig er stefnt á að foringjarnir fái merka jakka, fái frí félagsgjöld og frítt á námskeið á vegum félagsins og BÍ.S. Þetta var í takt við niðurstöður stefnumörkunarnefndarinnar.

Rekka og róverskátar: Samkvæmt tilraunastarfinu sem félagið tekur nú þátt í eru tvær nýjar sveitir með nöfnum sem margir eldri skátar kannst við, þ.e. rekkaskátar (16-18 ára) og róverskátar (18-25 ára). Helgi Valur hefur haft umsjón með starfi þessara hópa frá haustinu og hittast þau 2-3svar í mánuði. Þessar breytingar hafa valdið örlitlum árekstum við hið gamla kerfi sem gerði ráð fyrir því að við 15 ára aldur yrði skátinn dróttskáti og því var smá gremja hjá þeim sem gert höfðu ráð fyrir því að vera að komst upp í hóp eldri skáta.

4.2. Drekaskátar (2.-4. bekkur/stelpur/strákar)

Valdís Ösp og Rakel Ýr hafa starfað sem sveitarforingjar yfir Drekaskátasveitinni í vetur með hjálp Heiðrúnar, Auðar og Guðrúnar. Drekaskátarnir héldu fundi sína mestmegnis utandyra og svo að Hömrum 2. Krakkarnir hófust handa í byrjun vetrar við undirbúning vágslugrunnsins, þá fóru foringjar í 2 skóla og mættu í kjölfarið 66 krakkar á næsta fund. Þessi skyndilega aukning varð þó til þess að byrja þurfti upp á nýtt á vágslugrunninum. Ýmislegt var brallað, flestir fundir fóru fram utandyra, leikir, sig, eldkennsla, grilla sykurpúða, gönguferðir og margt margt fleira. Aðstaðan að Hömrum kom í góðar þarfir.

4.3. Skeifur – Fálkaskátar (5.-7. bekkur/stelpur)

Sigrún Vala og Ingibjörg voru sveitarforingjar fyrir áramót og stóðu fyrir góðu starfi. Fundirnir fóru fram að Hömrum

1 og þar í kring. Hikebrauð, viðbrögð við náttúruhamförum, jarðskjálftaæfing, skyndihjálparfræðsla, ýmist fönður og leikir var á meðal þess sem brallað var. Farið var í eina útilegu, vágsluútilegu í Valhöll, þar var fenginn gestakokkur, Kolfinna Snæbjarnardóttir, til að sjá um veglegar veitingar í tilefni vágslu. Rekkaskátar komu með uppbyggilegan útileik sem reyndi á skyndihjálparkunnáttu og áræðni stúlkanna.

4.4. Ernir – Fálkaskátar (5.-7. bekkur/strákar)

Arnór Bliki, Árni, Arnar og Brynjar voru sveitarforingjar fyrir áramót. Þetta öfluga teymi stóð fyrir vikulegum fundum að Hömrum 1 á miðvikudögum. Njósnaeikir, Kims leikir, verkfærakennsla, axir og hnífar, eldur, alveg ljóst að strákarnir hafa lært eitthvað á þessu misserinu.

4.5. Dróttskátar (8.-10. bekkur/stelpur/strákar)

Helgi Valur Harðarson var foringi dróttskáta haustið 2006. Þessum aldri (13-15 ára) var í fyrsta skipti leyft að koma með í keilufarð og tókst bara vel til. Vágsla var haldin að Hömrum föstudagskvöldið 17. nóvember og í kjölfarið gengu skátarnir einir yfir í Valhöll þar sem gist var alla helgina og leikjanámskeið sótt hjá félagsmálastjóra BÍ.S. Mestur partur sveitarinnar stefnir á að fara til Bretlands næsta sumar á Alheimsmót. Sig í hlöðunni, póstaleikur frá Hömrum í Brynju, leikir, skemmtiatriðasmíði, vídeó kvöld, og margt margt fleira var brallað á fundum.

4.6. Rekk- og Róverskátar

Helgi Valur Harðarson var foringi rekkaskáta haustið 2006. Til að byrja með voru fundir haldnir vikulega en þegar leið á haustið byrjaði megnið af hópnum í björgunarsveitinni Súlum og varð þá minni þörf og áhugi fyrir vikulegum fundum, þá var hugmyndin að fækka skiptunum í aðra hverja viku en var þó að meðaltali ca. 3svar í mánuði hittingur upp frá. Þrisvar til fjórum sinnum voru haldin vídeó kvöld og dróttskátum boðið að taka þátt. Útileikir voru haldnir 2svar, sú hefð var nánast alveg dottin upp fyrir en hefur nú verið endurvakin. Hóþferð var farin á SAMAN á Gufuskálum og mæltist vel fyrir hjá skátunum, nauðsyn

að endurtaka að ári. Starfið leið þó talsvert fyrir það að foringi var mjög önnum kafi á ýmsum vígstöðvum og að skátar á þessum aldri eru flestir komnir í vinnu með skóla, eru í metnaðarfullu námi auk þess sem fleiri áhugamál berjast um athyglina svo sem björgunarsveitastarf, leikfélög og fleira. Ljóst er að ef aldurshlutfall sveitarinnar hefði verið öðruvísi, þ.e. fleiri 16 ára (2 talsins) heldur en 17 ára hefði mátt halda uppi öflugra starfi.

4.7. Vetrarstarf D.S.

Sökum lélegrar tíðar og snjóleysins varð ekkert úr hinni svokölluðu vetrardagskrá dróttskáta þennan veturinn. Auk þess sem tíðarfarið stríddi, hjálpaði ekki að takmarkaður áhugi virtist hjá skátunum og lítið framboð var á umsjónaraðilum.

4.8. Sundkeppni

Var ekki haldin þetta árið.

4.9. DS. Útilíf

Sökum lélegrar tíðar og snjóleysins varð ekkert úr DS. Útilífi.

4.10. 22. febrúar

Að venju var haldið upp á afmæli skátastarfsins og að þessu sinni fóru hátíðarhöldin fram í hlöðunni að Hömrum. Um 45 skátar tóku þátt og sungu við undirleik Arnars Úlfarssonar.

Stefnum hærra

Öflugt æskulýðsstarf um ókomna tíð

4.11. Stefnunum hærra – niðurstöður kynntar

Eftir stefnumörkunarpingið "Stefnum hærra" setti stjórn félagsins á fót nefnd til að vinna úr niðurstöðum þingsins. Nefndin skilaði af sér í lok ársins 2005. Þann 15. mars 2006 hélt stjórnin kynningarfund á niðurstöðum nefndarinnar. Um 30 manns komu á fundinn og sköpuðust töluverðar umræður, sérstaklega um húsnæðismálin. Ein af niðurstöðum fundarsins var sú að rétt væri að leggja upp með það við bæinn að hann byggði og ræki félagsheimili fyrir skátanna

að Hömrum, líkt og tíðkast varðandi mörg ípóttafélögin.

4.12. ÍS-HÆK

Þetta árið féll ís-hækið því miður niður.

4.13. Sumardagurinn fyrsti

Sumardagurinn fyrsti var haldinn hátíðlegur að venju. Gengið var til messu í Akureyrarkirkju. Þessi venja okkar skátanna, að fagna sumri og ganga til kirkju er orðin föst í sessi og hefur eignast hefð í þjóðfélaginu. Að þessu sinni var engin skruðganga, heldur mætt beint í kirkjuna. Árbjört Bjarkardóttir sá um undirbúning og framkvæmd messunnar í samvinnu við presta. Sólveig Halla Kristjánsdóttir flutti hugvekju.



4.14. Kynning á skátastarfi

Í upphafi sumars var kynning á skátastarfi og Útilífsskólanum að Hömrum. Opið var í ratleik og fulltrúar úr stjórn sátu fyrir svörum. Sumarstarfið var auglýst í samstarfi við Útilífsskólann og þannig boðið upp á vikulega fundi allt sumarið. Þann 26. ágúst var svo upphafsdagur hausttímabilsins og þá var kynning á starfi vetrarins. Kynningin var hluti af stærri dagskrá þar sem m.a. var Gjöf til friðar verkefni félagsins og lokahátíð Útilífsskólans. Með þessu tókst að hefja starf félagsins um leið og skólar voru að byrja. Í fyrstu vikum september var einnig farið í heimsóknir í 2.- 4. bekk í Lundar- og Brekkuskóla. Mjög góð skil voru á nýjum skátum í kjölfar þessara kynninga og voru um tíma 66 nýir skátar á fundum. Þegar leið aðeins frá hafði fækkað í hópnum en um 30 krakkar eru enn í starfinu.

4.15. Sumarstarf

Félagið fékk Útilífsmiðstöðina að Hömrum til að halda utan um sumarstarf Skátafélagsins. Starfsmenn Útilífsskólans höfðu umsjón með fundum. Jafnframt var prófað að auglýsa sumarnámskeið fyrir krakka þar sem reynt var að höfða til þeirra sem vildu prófa að vera í skátunum. Gera þarf frekari tilraun með þennan lið næsta sumar.

4.16. 17. júní

Þetta árið var umsjón 17. júní í höndum Íþróttafélagsins KA. Að venju tók Klakkur þátt í hátíðardagskránni og var með fánaborg og fánahyllingu sem nú var í Lystigarðinum. Gengum við svo fyrir skruðgöngu inn í miðbæ.

4.17. Fundur um Alheimsmót

Þann 5. júlí var haldinn fundur með Alheimsmótsföllum og foreldrum þeirra. Á fundinum var rætt um fjáraflanir og ferð á undirbúningsfund að Úlfjótuvatni laugardaginn 8. júlí. Alheimsmótið verður haldið í Bretlandi sumarið 2007.

4.18. SSR mót – undirbúningsfundur vegna Alheimsmóts

Helgina 7. – 9. júlí hélt Skátasamband Reykjavíkur skátamótið “**Sörvævor Úlfjótuvatn 2006**”. Lítil dagskrá var á mótinu og þátttakendum sjálfum ætlað að fylla í eyðurnar. Á laugardeginum var fundur vegna Alheimsmótsins 2007. 10 skátar úr félaginu sem ætla á Alheimsmótið fóru á SSR mótið og var fararstjóri í ferðinni Valdis Ösp Jónsdóttir.

4.19. Myndasýning- undirbúningur gjöf til friðar

10. ágúst var haldin myndasýning í hlöðunni til kynningar á Gjöf til friðar verkefninu. Sýndar voru myndir frá Mósambík en ágóði verkefnisins rann allur til góðgerðarmála í Mósambík. Um 25 skátar á öllum aldri mættu á fundinn. Þar var einnig skipt niður verkefnum við undirbúning og framkvæmd Gjöf til friðar.

**4.20. Gjöf til friðar**

Þátttaka Skátafélagsins Klakks í alheimsverkefninu Gjöf til friðar fólst í því að félagið stóð fyrir fjáröflun í samvinnu við “Gerum eitthvað gott – gerum það saman”, til styrktar góðgerðarmálum í Mósambík. Haldinn var flóamarkaður að Hömrum þar sem til sölu var varningur sem Akureyringar og nærsveitarmenn höfðu gefið söfnuninni yfir sumarið. Einnig var skátatívolí, veitingar, skemmtiatriði og fleira í boði. Þessi dagur var jafnframt lokahátíð Útilífsskólans og kynningardagur á skátastarfi vetrarins. Óhætt er að segja að dagurinn hafi gengið vel því um 1,2 milljónir króna söfnuðust og var það langt umfram vonir. Um 80 manns tóku þátt í verkefninu og stóðu sig allir með þryði. Margrét Þóra Einarsdóttir hafði umsjón með verkefninu að hálfu félagsins.

4.21. Innritun

BÍS auglýsti skráningardag og eins og áður hefur komið fram nýtti félagið tækifærið og var með kynningardag í samstarfi við Útilífsskólann og “Gjöf til friðar” verkefnið þann 26. ágúst. Í kjölfarið hófst svo skátastarfið um leið og skólar voru að byrja. Þessi aðferð tókst mjög vel og ætti félagið því að stefna á svipað form á næsta ári. Foringjar í Drekaskátum fóru í heimsókn í Lundar- og Brekkuskóla með kynningarefni sem stjórnin hafði tekið saman. Mjög góður árangur var af þessum ferðum og þurfum við að gera slíkt hið sama næsta haust.

4.22. Minningarathöfn í Akureyrarkirkju

14. september stóðu skátar heiðursvörð í minningarathöfn í Akureyrarkirkju. Athöfnin var haldin í tengslum við STOPP átakið sem ætlað var að stöðva dauðsföll í umferðinni. Skátar stóðu við 19 fána sem vafðir voru sorgarböndum. Talan 19 táknaði fjölda dauðsfalla í umferðinni það sem af var árinu.

4.23. Afhending forsetamerkis

Forsetamerkið var afhent við hátíðlega athöfn á Bessastöðum þann 30. september. Að þessu sinni voru engir skátar úr Klakki sem hlutu Forsetamerkið.

4.24. SAMAN

Helgina 26.-28. september fóru í fyrsta skipti skátar úr Klakki á dróttskátamótið SAMAN á Gufuskálum, Snæfellsnesi. SAMAN er

samvinnuverkefni Bandalags íslenskra skáta og Landsbjargar. Við nutum aðstoðar Súlna, björgunarsveitarinnar, tveir félagar úr sveitinni komu með og einn af bílum hennar var notaður til mannflutninga til og frá og á meðan mótinu stóð.

4.25. Félagsforingjafundur

Laugardaginn 30. september var haldinn félagsforingjafundur í skátamiðstöðinni í Hraunbæ. Félagið átti ekki fulltrúa á fundinum.

4.26. Aðalfundur

Þetta árið var aðalfundur í seinna lagi fyrir starfsárið 2005. Var haldinn í Hvammi 1. október.



4.27. JOTI / JOTA

Þriðju helgina í október ár hvert fer fram alþjóðlegt skátamót í loftinu og á netinu kallað JOTI/JOTA. Að þessu sinni tók félagið þátt í því á Smiðjudögum.

4.28. Smiðjudagar á Sauðárkróki

Voru haldnir 20.-22. október á Sauðárkróki. 11 drótt- og róverskátar frá félaginu tóku þátt, sáu sjálfir um að koma sér á staðinn. Einnig bauðst Fálkaskátum að fara í dagsferð á Smiðjudaga á laugardeginum og fóru 20 skátar í þá ferð og var Ásgeir Hreiðarsson farastjóri í þeirri ferð. Á Smiðjudögum þetta árið var aðeins staðið að JOTI (ekki fengust aðilar til að halda JOTA).

4.29. Söngkvöld

2. nóvember var kvöldvaka/söngkvöld haldið í Rósenborg fyrir alla skáta á Akureyri. Snorri Guðvarðarson spilaði á

gítar og Ásgeir Hreiðarsson sá um stjórn. Mætingin var góð, um 70 skátar og foreldrar.

4.30. Keiluféð 3.-5. nóvember

Að venju var haldið suður yfir heiðar á Keilumót helgina 3.-5. nóvember. Þar sem Garðbúar hættu við mótshaldið brugðu félagar í Klakki á það ráð að halda innanfélagsmót. Gist var í Landnemaheimilinu í Öskjuhlíðinni. Fararstjóri ferðarinnar var Árbjört Bjarkadóttir og 18 skátar tóku þátt.

4.31. Opnun Fálkafells

Fálkafellsveislan féll niður þetta árið.

4.32. Vígsla dróttskáta

9 dróttskátar voru vígðir í útilegu drótt- og róverskátar í Valhöll helgina 17.-19. nóvember.

4.33. Heimsókn félagsmálastjóra BÍS

Laugardaginn 18. nóvember tóku dróttskátar í Klakki þátt í leikjanámskeiði sem Aðalsteinn Þorvaldsson, félagsmálastjóri BÍS, stóð fyrir. Á námskeiðið komu einnig skátar frá Sauðárkrók (2) og Húsavík (5), ferðin var nýtt þar sem Alheimsmótsförum var stefnt á fund á Akureyri með fararstjórum. Þátttakendur úr Klakki voru tæplega 10 talsins.

4.34. Fundur með þátttakendum og foreldrum á Alheimsmóti

Laugardaginn 18. nóvember hélt Hulda Guðmundsdóttir, fulltrúi í fararstjórn mótsins, fund með þátttakendum á Alheimsmóti og foreldrum þeirra. Henni til aðstoðar voru Anna Sigrún og Steinunn Ásta sveitarforingjar í ferðinni.

4.35. Þoturassakeppni í Hlíðarfjalli

25. nóvember heilsuðu skátar í Klakki Hlíðarfjalli þar sem búið var að opna lyfturnar árla þetta árið. Tveir skátar í Klakki tóku þátt í þoturassakeppni ásamt vænum hóp úr Hjálparaveit skáta Kópavogi, Ragna Sif í HSSK þar sigur úr bítum og fékk fyrir það inneign á veitingahúsinu Greifanum.

4.36. Jólball

Ekki var haldið jólball þetta árið.

4.37. Jólafundur Foringjaráðs

Foringjaráð hélt jólafund sinn í Hvammi 17. desember, var þar boðið upp á gos og kökur. Skátafélagið gaf sveitarföngjum og starfsmönnum jólagjafir í ár.

4.38. Ávaxtaútilega

Þann 26. desember var vakin upp hefðin fyrir ávaxtaútilegunni og voru 5-10 eldri skátar sem fóru í Valhöll, átu og spiluðu fram eftir nóttu. R.S. Libra stóð að skipulagningu og framkvæmd.

4.39. Ártal

Um áratugaskeið hafa skátar kveikt í Ártali í Vaðlaheiði um áramót. Undanfarin ár hefur okkur tekist að fá kostunaraðlia fyrir verkefninu og nú var það Olúfélagið sem bar kostnaðinn. Mikil vinna liggur þó að baki ártalinu bæði við undirbúning og framkvæmd. Verkefni þetta er í umsjón Rekka og róverskáta í R.S. Ævintýrinu, þeir leita svo aðstoðar annarra eldri skáta.

4.40. Foreldrafundir

Haldnir voru tveir foreldrafundir á árinu. Fyrri fundurinn var 25. október en á þeim fundi var fjallað um Keiluferð, jólavörusöluna, Jamboree og fleira. Seinni fundurinn var haldinn 15. nóvember fyrir foreldra Drekaskáta.

4.41. Undirbúningur fyrir Alheimsmótið

Á seinni hluta ársins var búið að skipa fararstjórn Klakks á Alheimsmót og upp frá því hófst undirbúningur ferðarinnar. Krakkarnir hittust nokkrum sinnum á fundum til að skipuleggja fjáraflanir af ýmsum toga, áætlað var svo að halda útilegu eftir áramót með hinum félögum sem skipa sveitina sem Klakkur er hluti af.

**6. Námskeið****5.1. Smiðja**

Sú nýjung var í boði frá september að á fimmtudögum milli 17 og 18:30 var opin Smiðja að Hömrum fyrir skáta á öllum aldri. Hugmyndin var að bjóða upp á allskonar stutta fræðslu/námskeið og föndur. Ekki var mikil þátttaka í þessum smiðjum og því ljóst að breyta þarf fyrirkomulaginu á þessu eitthvað, auglýsa betur, fækka skiptunum og reyna að höfða til breiðari hóps.

5.2. Flokksföngjanámskeið

Ekki var boðið upp á flokksföngjanámskeið á þessu ári.

5.3. D.S. Útilíf

Vegna lélegrar tíðar og snjóleysis varð ekkert af D.s. Útilíf þetta árið. Að auki var ekkert vetrarstarf rekið þennan veturinn og því lítil áhugi fyrir námskeiði um vetrarutilíf.

5.4. BÍS - Sveitarföngjanámskeið

9 sveitarföngjar í félaginu fóru á námskeið í tilraunadagskránni að Úlfjótuvatni helgina 2.-3. september. Helgi Valur Harðarsson var farstjóri í ferðinni.

5.5. Leiðbeinendanámskeið

Að þessu sinni fór enginn frá félaginu á leiðbeinendanámskeið.

5.6. Gilwell

Að þessu sinni fór enginn frá félaginu á Gilwell.

7. Útgáfa

SKÁTASTARF

6.1. Skátastarf

Félagið gaf út fjögur tölublað af Skátastarfi á árinu.

Fyrst ber að telja auglýsingablað í tengslum við fermingar. Því blaði var dreift í öll hús í bænum. Anna Eyfjörð var ritstjóri, Ásgeir Hreiðarsson sá um umbrot og Ingi Pétursson safnaði auglýsingum.

Ný stjórn ákvað að senda út fréttabréf til skátanna undir nafninu Skátastarf og voru þrjú slík send út á árinu. Í blaðinu eru helstu fréttir af starfinu hverju sinni, dagskráin framundan og listi yfir stjórn og foringja. Fréttabréfið var sent öllum skátum í félaginu auk þess sem sum tölublöðin voru send stærri hópum.

6.2. Ársskýrsla

Á síðasta aðalfundi var gefin út starfsskýrsla vegna ársins 2005. Skýrsluna má nálgast hjá starfsmanni á skrifstofu og hjá félagsforingja eða öðrum stjórnarmeðlimum.

6.3. Ýmis útgáfa

Að venju gaf félagið út ýmiskonar námskeiðsgögn sem fjölrítuð voru vegna námskeiða sem haldin voru af félaginu og upplýsingabréf til skáta og foreldra/forráðamanna.

6.4. Heimasíðan

Arnar Úlfarsson sá um uppsetningu á heimasíðu félagsins. Á árinu var töluvert unnið í skipulagningu á nýrri heimasíðu. Hugmyndin er að gera síðuna aðgengilegri og meira lifandi. Theodór Gunnarsson hefur haft umsjón með hönnun á nýju síðunni.

8. Eignir félagsins



7.1. Skátaheimilið Hvammur

Engar sérstakar lagfæringar voru gerðar á húsnæðinu þetta árið.

7.2. Fálkafell

Skálinn var nýttur fyrir sveitarútilegur yfir veturinn.

7.3. Valhöll

Voru útilegur þar um helgar yfir vetrarmánuðina. Einnig var skálinn leigður út fyrir hópa.

Ennþá er eftir að ganga frá utandyra svo sem að helluleggja og snyrta í kringum skálann. Keyptar voru nýjar svalahurðir fyrir efri svalir árið 2003. Á þó ennþá eftir að setja þær í.

7.4. Gamli

Farið var í vinnuútilegu í sumar og ónýtum dýnum úr skálanum hent. Ekki er búið að fjármagna kaup á nýjum dýnum og þurfa því skátarnir sem fara þangað í útilegur að taka með sér eigin dýnur.

7.5. Hamrar

Á árinu fór mest allt skátastarf fram uppi á Hömrum og fær félagið að nota þá aðstöðu sem er til staðar fyrir starfið. Aukin áhersla er lögð á útiveru skátanna á fundum, en ljóst er að innan fárra ára þarf að bæta aðstöðuna svo hægt verði að halda starfinu úti að Hömrum. Stjórnin hefur tekið þá ákvörðun að stefna á að byggja upp nýtt skátaheimili að Hömrum. Félagið hefur einnig haft aðstöðu til að geyma lausamuni að Hömrum.

9. Heiðranir og viðurkenningar

8.1. Forsetamerki

Sjá lið 4.23.

8.2. Gjafir

Sveitarforingjar og starfsmenn fengu jólagjöf frá félaginu, einnig voru gefnar útskriftargjafir.

8.3. Viðurkenningar

Engar viðurkenningar þetta árið.

10. Fjáraflanir

9.1. Auglýsingablaðið

Að venju var gefið út auglýsingablað fyrir páska. Blaðið heitir Skátastarf og var þetta 23. árgangur. Anna Eyfjörð var ritstjóri, Ásgeir Hreiðarsson sá um uppsetningu og Ingi Pétursson sá um auglýsingasöfnun. Blaðið hefur unnið sér fastan sess á

auglýsingamarkaðnum á þessum tíma og hefur gefið svipaðar tekjur undanfarin ár. Þetta er einnig kjörið tækifæri fyrir félagið til að koma á framfæri sinni starfsemi.

9.2. Fermingarskeyti

Félagið seldi fermingarskeyti að venju. Sú mikla breyting átti sér stað að allir bankarnir eru nú hættir að senda skeyti svo aðeins hluti barnanna fær skátaskeyti. Við þetta minnkaði innkoman af skeytasölnunni mikið en jafnframt er minni vinna í kringum sölnuna. Sú staðreynd að fermingardögum hefur fjölgað á undanförnum árum gerir þessa fjáröflun sífellt minna aðlaðandi og því þarf félagið að velta fyrir sér hvort möguleikar séu á að sækja einhvern markað í þessum efnunum eða hreinlega að hætta að bjóða upp á þessa þjónustu.

9.3. Sala á jólavörum

Klakkur seldi jólavörur eins og undanfarin ár. Salan hófst um miðjan nóvember og stóð fram undir jól. Fyrirkomulag sölnunnar var aftur með því sniði að hver skáti fékk 8-10 pakkningar af jólavörum sem hann átti að selja vinum og ættingjum. Einnig var hægt að fá úthlutað götum en þó var ekki skylda að ganga í þær allar heldur að selja a.m.k. 10 pakkningar. Skátarnir gátu svo fengið fleiri pakkningar ef salan gekk vel. Söluhæsti skátinn fékk svo skátahandbókina í jólagjöf, Hjörvar Þór sem seldi um 50 pakkningar. Þessi aðferð við sölnuna hefur reynst vel og í ár seldum við um 530 pakkningar. Því er þetta stærsta fjáröflun félagsins á árinu.

9.4. Jólatrijásala

Starfsmenn félagsins sáu um sölnuna á jólatrijánum þetta árið. Sett voru upp tvö tré til sýnis að Hömrum og gat fólk komið þangað og skoðað. Félagið auglýsti sölnuna ekki sérstaklega en upplýsingar um fyrirkomulagið voru í fréttabréfi félagsins auk þess sem skrifstofa BÍS benti á okkur sem söluaðila á Norðurlandi. Töluverð aukning varð í sölnunni milli ára og þurfum við að hyggja að því hvernig við getum komið þessari sölu á framfæri án mikils kostnaðar.

9.5. Félagsgjöld

Stjórn ákvað að hækka félagsgjöldin úr 8.000,- kr fyrir árið í 12.000,- kr fyrir veturinn og innheimta svo sérstaklega fyrir sumarið.

Þetta var gert til að mæta þeim fjárhagsörðugleikum sem félagið á í. Systkini fá afslátt, þannig að fyrsta borgar fullt en aðrir borga 10.000,-. Tilraun var gerð með að bjóða fólki að gera upp á fundum eða greiða í heimabanka en skilaði það ekki nógu góðum árangri. Sú nýjung varð á þessu ári að börn fengu senda ávísun frá bænum fyrir íþrótt og tómstundastarfi að upphæð 10.000,- og nýttu um 15 skátar sér það á þessu ári.

9.6. Rekstur tjaldsvæða.

Samningur var gerður við Akureyrarbæ 20. maí 1998 um rekstur tjaldsvæðis við Þórunnarstræti og síðan við Hamra. Skátafélagið ákvað að stofna sérstakt rekstrarfélag sem sér um þennan rekstur, aðskilið skátastarfi. Hamranefnd félagsins stýrir þessu nýja rekstrarfélagi.

9.7. Styrkir

Akureyrarbær styrkti félagið á árinu með rekstrarstyrk. Styrkurinn hefur farið lækkanði undanfarin ár og alveg ljóst að vinna þarf í því að fá þann styrk hækkaðan því fjárhagsstaða félagsins er í jánnum.

11. Samskipti

10.1. Samskipti við Akureyrarbæ

Samskipti félagsins við stofnanir bæjarins var ekki mikil en þó fundaði félagsforingi í tvígang með starfandi bæjarstjóra og formanni bæjarráðs. Sú breyting varð í lok ársins að málefni félagsins færðust frá Íþrótt- og tómstundaráði til Samfélags- og mannréttindanefndar eins og önnur tómstundastarfsemi.

10.2. Samskipti við fjölmiðla

Lítill umfjöllun var um skátastarf í fjölmiðlum á árinu, ljóst er að ef skátastarf á að verða sýnilegra í bænum þarf að gera mun betur. Svæðisútlit Norðurlands var þó duglegast við að hafa samband við okkur og afla fréttu af starfinu.

10.3. Súlur, björgunarsveitin á Akureyri

Lítill samvinna var milli Klakks og Súlna en hún hefur þó aukist aðeins á síðasta ári. Skátar hafa fengið að nota klifuraðstöðuna í Hjalteyrargötu og hópur dróttskáta fór með

félögum úr Súlum á SAMAN (samstarfsverkefni BÍS og Slysavarnarfélagsins) að Gufuskálum. 7 skátar fóru og 2 félagar úr Súlum. Þá hafa eldri skátar leikið sjúklinga á æfingum sveitarinnar.

10.4. St. Georgsgildið

Gildið samanstendur af um 30 skátum á besta aldri sem hittast að jafnaði einu sinni í mánuði fysta mánudag hvers mánaðar. Auk þess eru félagar Gildisins mjög duglegir við sína aðal fjáröflun sem er umsjón með leiðalýsingum í kirkjugarðinum. Félagið leitaði nokkrum sinnum til Gildisins um aðstoð og var því vel tekið að vanda. Gildið hefur í gegnum tíðina verið duglegt við að styrkja bæði hópa og einstaklinga innan Skátafélagsins.

10.5. St. Georgsgildið Kvistur

Kvistur samanstendur af um 30 skátum á besta aldri sem hittast að jafnaði einu sinni í mánuði. Skátafélagið hefur getað leitað eftir aðstoð Kvists, ýmist sem hóps eða til einstaklinga innan þeirra raða, með hjálp við ýmis verkefni. Mikilvægt er að geta leitað aðstoðar eldri skáta við fjáraflanir, s.s. skeytasölu, jólavörusölu, dreifingu á páskablaðinu og við fleiri verkefni.

12. Skrifstofa

11.1. Skrifstofa

Af fjárhagsástæðum var skrifstofu félagsins lokað árið 2005, í apríl og maí var hún opnuð tímabundið meðan sala skátaskeyta fór fram. Á haustdögum var svo ráðinn starfsmaður til að halda opinni skrifstofu á fundartímum sveita. Skrifstofan hafði aðstöðu að Hömrum líkt og allt skátastarfið.

13. Skátaþing

12.1 Skátaþing

Skátaþing var haldið í Skátamiðstöðinni Hraunbæ 132 í Reykjavík daganna 17. – 19. mars. Enginn úr stjórn félagsins gat farið á þingið en Þorsteinn Gunnarsson, félagi í Klakki var kjörinn sem formaður Útbreiðsluráðs.



HAMRAR

ÚTILÍFS- OG UMHVERFISMIDSTÖÐ SKÁTA

14. Umhverfis- og útilífsmiðstöð

13.1. Hamrar

Samkvæmt aðalfundarsamþykkt frá 1996 starfaði Hamranefnd. Formaður nefndarinnar er jafnframt fulltrúi félagsins í sameiginlegri nefnd Klakks og BÍS um málefni Hamra. Sjá nánar í ársskýrslu Hamra.